

Minnisblað

Dagsetning: 28.10.2024
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun – NÁTT
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands – NSV


Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2024 – Búrfellsgjá

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ var friðlýst sem náttúruvætti þann 25. júní 2020. Svæðið er gott dæmi um jarðmyndanir sem eru sérstakar á landsvísu og hafa hátt vísinda- og fræðslugildi. Búrfell og hrauntraðir frá gígnum, gjár og misgengi eru áberandi á svæðinu. Hluti svæðisins hefur verið friðlýstur sem hluti af Reykjanesfólkvangi síðan árið 1975. Svæðið er vinsælt til útivistar árið um kring og er nýtt af göngu- og hjólaþólki.

Framkvæmd

Búrfellsgjá var heimsótt þann 12. apríl 2024 (ÓPJ). Gengið var frá bílastæði sem útbúið hefur verið við Heiðmerkurveg fyrir þá sem hyggjast ganga að Búrfelli. Þegar þangað var komið stóðu yfir framkvæmdir við bílastæðið og óljóst hver tilgangur þeirra var. Búrfellsgjá var fyrst vöktuð árið 2020 og svo tvisvar sumarið 2021. Því hefur ástandi svæðisins verið lýst vel með athugasemdum og myndum af mörgum staðsetningum á svæðinu. Ekki þótti þörf á að endurtaka myndatöku á öllum staðsetningum heldur voru ákveðnar staðsetningar valdar þar sem ráðist hafði verið í úrbætur, ástand staðsetningar breyst eða þar sem sérstök hættu var talin á frekara raski. Með því að bera saman þær myndir sem teknar voru við myndir frá fyrri vöktunum má síðan meta hvort ástand svæðisins hafi staðið í stað, versnað eða batnað (1. mynd).

Notast var við Field Maps hugbúnaðinn í farsíma til að taka myndir og skrá niður meðfylgjandi upplýsingar. Í fyrri vöktunum var notast við spjaldtölvu og upplýsingar skráðar niður á eyðublað. Notast var við 2 m rauða og hvíta stöng til þess að fá skala á myndirnar. Drónaflug var einnig endurtekið frá fyrri vöktunum til að meta útbreiðslu á lúpínubreiðu.




1. mynd. Tvær myndir teknar af „sári“ á hraunvegg þar sem ysta lagið hefur flagnað af að hluta. Vinstri mynd er frá 2021 og hægri er frá 2024. Endurtekin ljósmyndun leiðir í ljós að sárið er ekki að stækka. Hægri mynd: ÓPJ.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Mikið hefur verið gert á svæðinu til að stýra umferð, laga skemmdir og draga úr slyshættu. Til að mynda hefur verið lagður malarstígur að Búrfellsgíg, hliðarstígum hefur verið lokað og sprungur girtar af. Ljóst er að þessar úrbætur hafa skilað miklu þar sem víða má sjá að gróður er að ná sér á strik aftur þar sem traðk hefur verið áberandi. Einnig má sjá að gróður hefur tekið við sér á hliðarstígum þar sem þeim hefur verið lokað. Svæðið var heimsótt snemma að vori þegar frost var nýfarið úr jörðu og svæðið sérlega viðkvæmt vegna aurbleytu. Á nokkrum stöðum mátti sjá hvernig stígar fara að breikka þegar gengið er um þá á þessum árstíma (2. mynd). Þegar loftmyndir af svæðinu eru bornar saman má sjá að útbreiðsla lúpínu hefur ekki breyst frá árinu 2021 til ársins 2024 (3. mynd).



2. mynd. Þegar frost fer úr jörðu geta jaðrar stíga verið sérlega viðkvæmir fyrir umferð. Hér þyrfti að afmarka stíginn betur svo umferð berist ekki út fyrir hann og stígurinn breikki. Mynd: ÓPJ.



3. mynd. Loftmyndir af lúpínubreiðu í Búrfellsgjá. Vinstri mynd er tekin 2021 og hægri mynd tekin 2024. Myndir: ÓPJ.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Búrfellsgjá er dæmi um svæði sem hefur orðið fyrir miklu raski aðallega vegna mikillar umferðar án þess að henni hafi verið stýrt með nokkrum hætti. Greinilegt er að þær framkvæmdir sem hefur verið ráðist í hafa skilað árangri í að koma í veg fyrir frekari skemmdir á gróðri og jarðminjum. Ekki er að sjá teljandi breytingar á svæðinu frá síðustu vöktun og því er óhætt að lengja tímabilið milli vaktana. Mælt er með að svæðið verði aftur heimsótt að 4–5 árum liðnum.